

MÁ: Lögregluskólinn – spurningar frá fundi 31.1.

- \* Breytingartillagan snertir 2. og 3. önn, hvað nemendur varðar bara 3. önn. Af hverju er skólinn ekki hafinn? (Lögreglusk., irrn.)
- \* Hvernig bar málið að? – Betri skýringar þarf á því að ekkert var gert í málinu fyrir um miðjan desember. (Lögreglusk., irrn.)
- \* Afhverju flutti rh. ekki stjórnarfrv. eða gaf yfirlýsingu um að slíkt frv. væri á leiðinni? (irrn.)
- \* Hver er líklegur útgjaldaauki LÍN vegna þessa? Er reiknað með honum í fjárveitingum til sjóðsins? (LÍN, irrn.)
- \* Er reiknað með starfslaunum í fjárveitingum til Lögregluskólans? (irrn., Lsk.)
- \* Hvernig er áætlað að nemendur á 3. önn kæmu út úr tekjureglum LÍN eftir laun í starfsnáminu? (irrn., Lsk., LÍN)
- \* Hver er staða nemanna í ljósi 5. og 7. gr. reglugerðar um Lögregluskólann? Nemar á námslánnum hluti eiðsvarins lögregluliðs? (irrn., lögrfélag)
- \* Framhaldsnám? (gert ráð fyrir 9,6 m.kr. rekstrarkostnaði 2011). Námslán þar líka? (Lsk., irrn.)
- \* Hver er framtíðarstefna í innanríkisráðuneytinu í málefnum Lögregluskólans (sbr. skýrsluna frá 2008) ? (irrn.)

Svör LÍN:

- ❖ Viðbótarkostnaður LÍN við þessa breytingu er ekki mikill (ef gert ráð fyrir framfærslu fyrir að hámarki 20 nemendur í eitt misseri til viðbótar) og rúmast innan fjárlaga til sjóðsins, enda gert ráð fyrir þessu aukamisseri í úthlutunarreglum LÍN skólaárið 2010-2011.
- ❖ Um þetta nám gilda sömu reglur varðandi tekjur umsækjenda eins og gildir um annað nám hjá LÍN. Ef námslánaumsókn berst fyrir skólaárið 2010-2011, þá gildir að litið skal til tekna sem tilheyra tekjuárinu 2010. Samsvarandi gildir að litið skal til tekna á tekjuárinu 2011 ef sótt er um námslán skólaárið 2011-2012. Venjulegur námsmaður á rétt á tilteknu frítekjumarki á árinu (750.000 kr.) áður en tekjurnar fara að skerða námslánið. Ef tekjur eru hærri en frítekjumarkið, þá koma 35% af umframtekjum til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar námsmenn, sem hafa verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði og eru að sækja um námslán í fyrsta sinn eða aftur eftir langt hlé, er heimilt að fimmfalda framangreint frítekjumark (3.750.000 kr.).

Varðandi lögreglunámið og það námsskipulag sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu virðist sem launaði hluti námsins eigi að koma inn á milli bótlegu misserana og þar með virðist láns hæfi hluti námsins dreifist á sitthvort námsárið ef

nám hefst á vormisseri. Sé það rétt, þá geta laun í starfsnáminu haft áhrif á útreikning námslána á lokaönn námsins.

- ❖ Sjóðurinn hefur engar upplýsingar um hugsanlegt framhaldsnám Lögregluskóla ríkisins og getur því ekki tjáð sig neitt um það.

Lögregluskóli ríkisins  
Krókhálsi 5a  
110 Reykjavík

Tilvísun: 2010040051

Reykjavík, 16.4.2010

**Efni: Úrskurður stjórnar LÍN í máli Lögregluskóla ríkisins, láns hæfi náms**

Erindi þitt var tekið fyrir á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna 15. apríl sl. og var niðurstaðan svohljóðandi:

Í grein 1.2.2 í úthlutunarreglum LÍN segir svo um sérnám á Íslandi: "Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki láns hæft skv. þessari grein. Láns hæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað a.m.k. eins árs starfsnám á framhaldsskólastigi, samþykkt af menntamálaráðuneyti, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. og 3.2. Námið er láns hæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhaldsskólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig óláns hæft." Nánar er gerð grein fyrir láns hæfu sérnámi á Íslandi í [fylgiskjali III](#).

Fallist er á að ólaunaði bóklegi hluti námsins, samtals tvö misseri af þremur við Lögregluskóla ríkisins sé láns hæft, sbr. heimild í gr. 1.2.2 í úthlutunarreglum sjóðsins.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar LÍN

Guðrún Ragnarsdóttir  
framkvæmdastjóri



# LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5a • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Reykjavík, 29. mars 2010

Lánasjóður íslenskra námsmanna  
Höfðaborg, Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn varðandi lánshæfi lögreglunáms.

Vísað er til þess að stjórn LÍN féllst á að telja fyrstu önn af þremur í Lögregluskóla ríkisins lánshæfa frá og með námsárinu 2001-2002, sbr. úrskurður í máli nr. 514/01.

Lögreglunámið hefur fram að þessu verið með sama hætti og þá var og er mælt fyrir um það í 4. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996; þannig er fyrsta önnin ólaunuð námsönn í skólanum, önnur önnin er launuð starfsþjálfun í lögregluliði og lokaönnin er launuð bóknámsönn í skólanum. Ákvæði kjarasamninga lögreglumanna eru einnig í samræmi við þetta.

Lögregluskóli ríkisins hefur mælt fyrir því í mörg ár að breyting verði gerð á þessu fyrirkomulag og að lögreglunemar fái einungis greidd laun þegar þeir eru í starfsþjálfun í lögregluliði á milli námsannanna í skólanum, en þá vinna lögreglunemarnir að lögregluverkefnum undir leiðsögn faglærðra lögreglumanna og fara þá með lögregluvald.

Nú er loksins svo komið að ég vænti þess að innan skamms verði gerð breyting á framangreindu fyrirkomulagi af þar til bærum aðilum; því verði lokaönnin í skólanum ólaunuð eins og fyrsta námsönnin er.

Til að vinna þessu máli brautargengi er æskilegt ef stjórn LÍN getur svarað því nú hverjar líkur eru á að lokaönnin verði metin lánshæf ef gerðar verða þær breytingar sem að framan getur.

F.h. Lögregluskóla ríkisins

Arnar Guðmundsson  
skólastjóri